

KJARVAL



50% afsláttur

199 KR. STK

Ananas



25% afsláttur

1929 KR. HG

SS Konfakslegnar grísalundir



849 KR. HG

1M Ýsubitar roðl./ beinlausir



900 g

Kyckling Bröstfile

1398 KR. PK.

Rose kjúklingabringur danskar



20% afsláttur

398 KR. PK.

Goða skinka



30% afsláttur

229 KR. PK.

Goða dönsk lifrakæfa



26% afsláttur

198 KR. PK.

Kea gamaldags kindakæfa



565 KR. PK.

Merrild kaffi 103



4x 2 lítrar

599 KR. STK.

Coka Cola kippa 4x2 lítrar



4x 2 lítrar

599 KR. STK.

Coke light kippa 4x2 lítrar



398 KR. PK.

Billy's Pan pizza pepperoni



199 KR. PK.

Freyju Rís súkkuláði 2 í pk.



299 KR. STK.

Harpic Lemon 750 ml



33% afsláttur

649 KR. STK.

Meistararílluterta brún



199 KR. PK.

Freyju Lakkrís-draumur 2 í pk.

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

**Bænastund í
Minningarkapellu
sr. Jóns Steingrímssonar.**

Alla miðvikudaga kl. 17.00.
Tekið er á móti fyrirbænaefnum
í síma 849-7549.

Sveitarstjórn
Mýrdalshrepps er boðuð til fundar miðvikudaginn 18. mars 2009 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík. Dagskrá fundarins má finna á auglýsingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef Mýrdalshrepps www.vik.is
Sveitarstjóri

**Höfuðbeina-
og spjaldhryggjarmedferð.**

verð í VÍK
21. og 22. mars.
laugardag og sunnudag
Áhugasamir pantið tíma í síma
587-2999 eða 866-0474
Sigrún Inga



Snyrtistofan í Vík

Snyrtistofan er opin til 25. mars
Opnar á nýjum stað í maí

Tímapantanir í síma: 868 3642

**Kirkjuskólinn
í Mýrdal**

Lokasamvera Kirkjuskólans í Mýrdal
vorið 2009 verður næsta laugardag
kl. 11:15-12:00
í grunnskóla Mýrdalshrepps

Gaman væri að sjá sem flesta.

Kær kveðja
Sóknarprestur

Ég get verið þíðan þín
þegar allt er frosið,
því sólin hún er systir mín
sagði litla brosið.

(R. Gröndal.)

12. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 18. MARS 2009

Augnlæknir á Kirkjubæjarklaustri

Harpa Hauksdóttir augnlæknir
verður á Heilsugæslunni á Klaustri 1-3 apríl n.k.

Tímappantanir eru á Heilsugæslunni Klaustri í síma 480- 5350.

Aðalfundur Búnaðarfélags Hvammshrepps

verður haldinn að Eyrarlandi miðvikudaginn 25. mars kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál.
Stjórnin

Aðalfundur Ungmennafélagsins Ármanns

Aðalfundur u.m.f. Ármanns verður haldinn á Hótel Kirkjubæjarklaustri
föstudaginn 27. mars kl. 20:00.

Dagskrá aðalfundar:

Skýrsla formanns
Ársreikningar
Önnur mál s.s
-hugsanleg innganga í HSK
-hugsanleg sameining ungmennafélaga í Skaftárhreppi
Innritun nýrra félaga
Kosningar

Stjórnin

Lífríkisspíru-lofsöngur 5.vers

Lag. Á Hóli var bóndi sem hét bara Jón

Flestir þeir hrífast er fá hana séð.
Fögur er Vík milli hæða.
Eitt er þó best, sem að almættið réð
Að oftast er einhver þar mæða.
Hæ, hæ, og hó, hún er að flæða.
Nú friðum við fjallið og fjöruna með.
Þið fáid ei varnir að ræða.

RR.



Það er orðið augljóst flestum, öðrum en "lífríkisspírum" að það landbrot sem hefur verið í Víkurfjöru undanfarin ár, stefnir Víkinni í mikla hættu. Við megum ekki við því að sá litli kambur sem eftir er verði sjónum að bráð. Þar með eiga öldurnar greiða leið upp að húsum, þar sem landið er mun lægra ofan við kambinn. Við megum því engan tíma eða land missa og verðum að krefjast einhverra neyðarvarna strax í sumar, Víkurbúar gátu hér áður fyrr safnað grjóti og ekið á hestvögnum og hlaðið í fjörukambinn til þess að verja hann. Við ættum ekki að vera þeir aumingjar, með okkar tækni, að geta ekki varið fjörukambinn í eitt til tvö ár, með aðstoð Landgræðsunnar. Þar til hreppsnefnd og ríkisvaldið tekur við sér. Ætli þjóðin sé ekki búin að fá nóg af sofandahætti vald-
stjórnarinnar og að treysta þeirra forsjá í blindni.

RR.

A döfinni.....

20.03.2009 Með fiðring í maga -
Menntaskólinn á Laugarvatni í Leikskálum
kl. 20

21.03.2009 Flygilsjóður Mýrdælinga sten-
dur fyrir kaffihúsi í Leikskálum 13:00-17:00

28.03.2009 Sambandsþing USVS haldið á
Hótel Dyrhólaey og hefst kl. 10:00

Þrjónakaffihúsið á Halldórskafti kl. 20:30
19. mars, 2. og 16. apríl og 7. maí

málsháttur vikunnar
MIKIÐ SKAL TIL MIKILS
VINNA

VITINN á
www.sudurland.net

Ný netverslun -
www.fallegfot.com
*Mikið úrval að nýjum og
ódyrum fötum, sendi um land
allt.*

áhugavert
<http://olthorol.com/sacunn.html>

Vantar ykkur Volare vörur?
vinsaml. hafðu samband í 891 7810

Tvær konur eru á gangi í skógi þegar þær hitta frosk. Froskurinn kallar á þær og segir: "Ég er verðbréfasali, en ill álog breyttu mér í frosk. Ef þið kyssið mig breytist ég til baka".

Önnur konan grípur froskinn og treður honum í töskuna sína. Hin konan horfir undrandi á aðgerðir konunnar og spyr: "Af hverju ertu að troða honum í töskuna þína, heyrðurðu ekki hvað hann sagði, hann er verðbréfasali"

"Jú, jú" segir hin, "ég heyrði alveg í honum, en eins og markaðir eru núna er bara miklu gróðavænna að eiga talandi frosk."

Félagsmálafræðsla

Sýndu hvað í þér býr!

Ungmennafélag Íslands, Bændasamtökin og Kvenfélagasamband Íslands bjóða félagsmönnum sínum félagsmálafræðslu með námskeiðum um allt land. Markmiðið með námskeiðinu er að efla starf aðildarfélaganna og þjálfa einstaklinga til starfa.

Þátttakendur fá þjálfun í ræðumennsku og fundarsköpum. Námskeiðin eru öllum opin.

Næsta námskeið verður haldið:
Vík í Mýrdal 24. mars.
Námskeiðið verður haldið í
Grunnskóla Mýrdalshrepps.

Tekið er við skráningum í síma
568 2929 eða sigurdur@umfi.is



LANDGRÆÐSLUFÉLAG



SKAFTÁRHREPPS
Stofnað 19. Janúar 1994

Aðalfundur Landgræðslufélags Skaftárhrepps

Verður haldinn á Hótel Kirkjubæjarklaustri
Þriðjudagskvöldið 31. mars næstkomandi kl: 20:30.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa mun Sveinn Runólfsson, Landgræðslustjóri fjalla um það sem er efst á baugi í landgræðslustarfinu.

Dr. Kristín Svavarsdóttir plöntuvistfræðingur flytur erindi er hún nefnir, Gróðurframvinda - hvað kemur hún landgræðslu við?

Gústaf M. Ásbjörnsson, héraðsfulltrúi fjallar um landgræðsluaðgerðir í Skaftárhreppi.

Kaffiveitingar í boði Landgræðslu ríkisins

Vonumst til að sjá sem flesta
Stjórn Landgræðslufélags Skaftárhrepps

Tónskóli Mýrdælinga

Tónleikar í Leikskálum miðvikudaginn 25. mars
kl. 18:00 og kl. 20:00

Fjölbreytt efniskrá. Einleikur og samleikur.
Allir velkomnir

Nánar auglýst í væntanlegu fréttabréfi skólans

Skólastjóri



Leikfélag Rangæinga

Sýnir leikritið Orustan á Laugalandi


Föstudaginn 3. apríl Kl: 20,30 í Fossbúð Skógum
Laugardaginn 18. apríl Kl: 20,30 Kirkjuhovoll á Klaustri

Miðapantanir í síma: 897-9740
Milli kl: 13.00 og 18.00

10. bekkingar GSM auglýsa Mýrdalinn




Vefstjóranum (vik.is) barst póstur í gær (12. mars) frá kynningarstjóra Bylgjunnar, þar sem hann hrósaði krökkunum í hástert. Pósturinn innihélt auglýsingu er 10. bekkingar bjuggu til, en þau eru í starfsfræðsluferð í Reykjavík þessa dagana.



Gróska felur í sér skapandi framvindu, takast á við ný verkefni, bæta og fegra það sem fyrir er í víðu samhengi

Tekið af vef Mýrdalshrepps: vik.is



Atkvæðagreiðsla utankjörfundar í Vestur-Skaftafellssýslu

Atkvæðagreiðsla í Vestur-Skaftafellssýslu
fer fram hjá sýslumanninum í Vík
og hjá Sigurlaugu Jónsdóttur í Hraunkoti, Landbroti.

Hjá sýslumanninum í Vík fer atkvæðagreiðslan fram á opnunartíma sýsluskrifstofunnar að Ránarbraut 1, Vík frá kl. 09.00 til kl. 15.30. Þar fyrir utan má hafa samband við sýslumann í síma 8938962 eða 4871149.

Hjá Sigurlaugu fer atkvæðagreiðsla fram samkvæmt nánara samkomulagi við hana annaðhvort á skrifstofu hennar á Kirkjubæjarstofu eða á heimili hennar að Hraunkoti. Símar hjá Sigurlaugu eru 4874703 eða 8950103.

Kjösendur eiga að jafnaði að sjá um að koma atkvæði sínu sjálfir til skila.

Ósk um atkvæðagreiðslu utankjörfundar í heimahúsi vegna sjúkdóms eða fötlunar skal hafa borist til kjörstjóra eigi síðar en kl. 16.00, 21. apríl. Atkvæðagreiðsla með þessum hætti má ekki fara fram fyrr en fyrst lagi laugardaginn 4. apríl

Sýslumaðurinn í Vík



Laugardaginn 21. mars verður

Raulara upphitun, sýnum myndir og myndbönd.

Húsið opnar kl. 21:00.

Í búningum nú mætum öll,
og höfum af því gaman.
Mikil heyrast hlátra sköll,
er við skálum saman.

Tilboð verður veigum á,
svo engin verði þyrstur.
En ekki má nú þamba þá,
þá sofnar maður fyrstur.

Hvetjum alla til að mæta í búningum frá liðnum árum sem rifja upp gamlar og góðar minningar.

Pizzur á föstudögum og Idolið á skjánum.

Halldórskaffi
Sími: 487 1202



Tónaflóð - list í fögru umhverfi

Flygilsjóður Mýrdælinga

Verður með tónleika og kaffisölu í félagsheimilinu
Leikskálum í Vík, laugardaginn 21. mars kl. 13 - 17.

Fjölbreytt dagskrá:

- " lifandi tónlist allan daginn - harmonikkuleikur, gítarleikur og píanóleikur
- " sérstök tónlistardagskrá - kórsöngur og hljóðfærarleikur kl. 14 - 14:45
- " tónlistardagskráin endurtekin kl. 16 - 16:45

Kaffi og meðlæti:
kr. 1000 fyrir fullorðna
kr. 500 fyrir 7 - 12 ára
ókeypis fyrir 6 ára og yngri

Enginn aðgangseyrir.

Undirbúningsnefndin





Fóður & fjör á landsvísu

Icelandairhotel Klaustri.

Laugardagskvöldið 21. mars bjóðum við upp á girnilegan "Food and Fun" matseðil að hætti Sigurðar Daða Friðrikssonar matreiðslumanns á Icelandairhotel Klaustri.

*Volg bleikja marineruð í sítrus.
"Skaftfellsk" gæs í þremur útfærslum
Hreindýrasteik eða lamb með kanilkyrdduðum
eplum og súkkulaðisósu
Bakað súkkulaði og vanilluís.*

Verð pr. mann er kr. 5.900

Borðapantanir í síma 487 - 4900



Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

verður með viðtalstíma í Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu á eftirtöldum stöðum nú á næstunni!

Sveitarfélag	staður	dagsetning	tími
Rangárþing ytra	Suðurlandsvegi 1	24. mars	10.00-12.00
Rangárþing eystra	Félagsheimilið Hvoll (Pálsstofa)	24. mars	13.00-12.00
Mýrdalshreppur	Austurvegi 15 (BVT)	24. mars	10.00-12.00
Skaftárhreppur	Klausturvegi 15	24. mars	14.00-16.00

Markmið Atvinnuþróunarfélags Suðurlands er að efla og örva atvinnulíf á Suðurlandi og stuðla þannig að aukinni hagsæld, með ráðgjöf og styrkum til einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila.

Við hvetjum alla þá sem áhuga hafa að koma og hitta okkur!

Starfsfólk Atvinnuþróunarfélags Suðurlands

Blindur maður villist inn á kvennabar, finnur sér stól við barborðið og pantar sér glas. Þegar hann er búinn að sitja nokkra stund kallar hann á barþjóninn: "Heyrðu, á ég að segja þér ljóskubrandara?" Á sömu stundu dettur allt í dúnalogn á barnum, þar til konan við hlið blindans segir við hann með lágrri, dimmri rödd: "Áður en þú segir þennan brandara, góði minn, þá held ég að það sé réttast af því þú ert blindur, að ég fræði þig um fáein atriði: Barþjóninn er ljóshærð kona. Útkastarinn er ljóshærð kona. Ég er 1,85 á hæð, 100 kíló og er með svarta beltíð í karate, og ég er ljóshærð. Konan við hliðina á mér er ljóshærð og íslandsmeistari í lyftingum. Konan sem situr hinum megin við þig er ljóshærð og er íslandsmeistari í vaxtarækt. Hugsaðu þig vel um, vinur. Langar þig enn að segja þennan brandara þinn?" Blindi maðurinn hugsar sig um andartak, hristir svo höfuðið. "Nei, ætli það", segir blindi maðurinn, "Ekki ef ég þarf svo að útskýra hann fimm sinnum."